

Aðalfundur Kviku banka hf. var haldinn 21. mars 2024 á Iceland Parliament Hotel við Austurvöll, Thorvaldsenstræti 2-6, 101 Reykjavík.

Helstu niðurstöður fundarins voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur vegna ársins 2023 var samþykktur eins og hann var lagður fram. Ákvæðið var að greiða ekki út arð til hluthafa á árinu 2024 og að hagnaður ársins 2023 leggist við eigið fé félagsins.
2. Fundurinn samþykkti eftirfarandi tillögu stjórnar um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf:

*„Aðalfundur Kviku banka hf. haldinn 21. mars 2024 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða ii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Hlutabréf sem Kvika eignast á grundvelli heimildar þessarar má nota í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsmanna þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi Kviku. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, hafi verið veitt. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar, án þess þó að það hafi áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann 21. mars 2024.*

*Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Kviku banka hf. árið 2025 en hafi hann ekki farið fram þann 30. apríl 2025 rennur hún út í síðasta lagi þann dag.“*

3. Fundurinn samþykkti eftirfarandi tillögu stjórnar um lækun hlutafjár með niðurfellingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum:

*„Aðalfundur Kviku banka hf., haldinn þann 21. mars 2024, samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 58.952.375 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 58.952.375 hlutum, úr 4.781.025.715 kr. í 4.722.073.340 að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með ógildingunni eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga.“*

Tillagan fól í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykktu félagsins þannig að ákvæðið verður eftirleiðis svohljóðandi:

*„Heildarhlutfé félagsins er kr. 4.722.073.340. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.“*

4. Stjórnarkjör fór fram. Í aðalstjórn félagsins voru kjörin:

- Sigurður Hannesson
- Guðmundur Þórðarson
- Guðjón Reynisson
- Helga Kristín Auðunsdóttir
- Ingunn Svala Leifsdóttir

Til setu í varastjórn félagsins voru kjörin:

- Helga Jóhanna Oddsdóttir
- Sigurgeir Guðlaugsson

5. Samþykkt var að tilnefningarnefnd yrði komið á í félaginu og eftirfarandi tillögur því tengdar voru jafnframt samþykktar:

- (i) Samþykkt var að breyta ákvæðum 3.3, 3.9 og 4.6 í samþykktum, þannig að eftir breytingu verða þau svohljóðandi:

Ákvæði 3.3:

*„Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:*

- 1) *Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár.*
- 2) *Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveða hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.*
- 3) *Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.*
- 4) *Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd félagsins.*
- 5) *Starfskjarastefna félagsins.*
- 6) *Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna, nefndarmanna í undirnefndum stjórnar og nefndarmanna í tilnefningarnefnd.*
- 7) *Önnur mál.“*

Ákvæði 3.9:

*„Rétt til setu á hluthafafundum hafa auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi og forstjóri félagsins (framkvæmdastjóri í skilningi laga um hlutfélög nr. 2/1995 og laga um fjármálafyrirtæki 161/2002). Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Sé stjórnarkjör á dagskrá hluthafafundar skulu nefndarmenn*

*tilnefningarnefndar félagsins og frambjóðendur til stjórnar hafa rétt til setu á fundinum og til að taka þar til máls. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð má hvencær sem er afturkalla.“*

Ákvæði 4.6:

*„Tilnefningarnefnd skal starfa á vegum félagsins í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar sem hluthafafundur samþykkir. Störf tilnefningarnefndar breyta ekki réttindum og skyldum um verklag til framboðs til stjórnar eða reglum um meðferð slíkra framboða í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Tilkynning um framboð til tilnefningarnefndar telst fullnægja skilyrðum um framboð skv. gr. 4.7.“*

- (ii) Samþykktar voru starfsreglur tilnefningarnefndar sem lágu fyrir fundinum.
  - (iii) Samþykkt var að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði fast tímagjald sem nemur kr. 27.500.
  - (iv) Þau Helga Melkorka Óttarsdóttir og Jóhann Ásgeir Baldurs voru kjörin í tilnefningarnefnd félagsins.
6. Á fundinum lá frammi tillaga um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og var hún samþykkt.
  7. Aðalfundur kaus endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. sem endurskoðanda félagsins fyrir árið 2024.
  8. Margrét Flóvenz var endurkjörin í endurskoðunarnefnd bankans.
  9. Eftirfarandi tillaga um þóknanir stjórnar- og nefndarmanna var samþykkt:

*„Lagt er til að þóknun stjórnarmanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 535.000 á mánuði („mánaðarleg stjórnarþóknun“) og þóknun stjórnarformanns verði tvöföld mánaðarleg stjórnarþóknun. Lagt er til að varaformaður stjórnar fái auk mánaðarlegrar stjórnarþóknunar greitt 40% af mánaðarlegri stjórnarþóknun til viðbótar. Lagt er til að stjórnarmenn fái greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern stjórnarfund umfram 15 fundi fram að næsta aðalfundi félagsins.*

*Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði helmingur mánaðarlegrar stjórnarþóknunar fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en mánaðarleg stjórnarþóknun innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema mánaðarlegri*

*stjórnarþóknun á ári. Loks er lagt til að nefndarmenn undirnefnda stjórnar fái 45% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði og nefndarformaður fái þar að auki 15% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði.*

10. Samþykkt var ályktunartillaga Gildis lífeyrissjóðs til leiðbeiningar fyrir stjórn varðandi skipan tilnefningarnefndar, en tillagan var tekin fyrir undir dagskrárliðnum „önnur mál.”